

Mánudaginn 7. september 1998.

Nr. 374/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(sjálfur)

gegn

Kio Alexander Ayobambele Briggs

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. september 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 14. september nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. september 1998.

Ár 1998, miðvikudag 2. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Kio Alexander Ayobambele Briggs, breskum ríkisborgara, fæddum 4. september 1972, til heimilis í Madrid á Spáni, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 14. september 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í greinargerð lögreglu kemur fram, að kærði hafi verið handtekinn í gær-

morgun kl. 11.40 á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins frá Alicante á Spáni, en í farangri hans á flugvellinum hafi fundist mikið magn ætlaðra fíkniefna eða 2031 tafla af efni, sem samkvæmt litaprófunum lögreglu gefi jákvæða svörun sem „ecstasy“, nánar tiltekið MDMA. Kærði hafi gengist við því, að pakki með þessum efnum hafi verið í farangri hans við komu til landsins. Kærði hafi sagt, að hann hefði enga vitneskju um tilvist þessara efna eða um hvernig þau hafi komist í farangur hans. Töflurnar hafi verið pakkaðar í tvo glæra plastpoka, sem aftur hafi verið pakkað inn í rauðan plastinnkaupapoka, sem hafi verið vafinn inn í fatnað á botni töskunnar.

Kærði hafi skýrt frá því, að hann þekki enga Íslendinga, en hafi komið hér í þeim tilgangi að fá vinnu við sjómennsku, því að sér hafi verið sagt, að það gæti gefið góð laun. Við fyrstu afskipti tollvarða hafi hann sagst vera kominn til Íslands sem ferðamaður, og væri ekki ljóst, hve lengi hann myndi dveljast hér. Við handtöku hafi hann skýrt lögreglumönnum frá því, að hann væri kominn hingað sem ferðamaður í þeim tilgangi að skemmta sér og hygðist dveljast hér á hóteli í nokkra daga, en hefði ekki enn ákveðið hótelið. Kærði hafi ekki flugmiða frá Íslandi.

Af hálfu lögreglu hefur komið fram, að enn sé eftir að rannsaka, frá hverjum efni þessi stafi, hvernig kærði hafi haft í hyggju að ráðstafa þeim hérlandis, hvort kærði stæði einn að brotinu eða hvort aðrir komi þar við sögu og þá hverjir, hverjir hafi verið ætlaðir viðtakendur efnanna hér á landi o. fl. Sýni hinna ætluðu fíkniefna verði send Rannsóknastofu háskólans til greiningar sama dag. Sé því nauðsynlegt að halda kærða í gæsluvarðhaldi, meðan rannsókn þessi fari fram. Þá sé kærði erlendur ríkisborgari og ekki með nein tengsl við landið, og megi því vænta, að hann fari af landi brott, ef hann endurheimtir frelsi sitt.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja, að fyrir liggi rökstuddur grunur um, að kærði hafi brotið gegn ákvæðum 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getur varðað allt að tíu ára fangelsi.

Af rannsóknargögnum og málsatvikum er ljóst, að rannsókn málsins er á frumstigi. Einnig er ljóst, að um er að ræða rannsókn á innflutningi verulegs magns fíkniefna, og enn fremur, að mikilvægar upplýsingar skortir um atvik málsins. Kærði er erlendur ríkisborgari og býr á Spáni. Hann hefur ekki komið til Íslands áður að eigin sögn, og ekki er vitað til, að hann hafi dvalarstað hér á landi. Verður með vísan til þessa að fallast á þær röksemdir lögreglu, að ætla megi, að kærði muni reyna að komast úr landi þrátt fyrir gagnstæðar yfirlýsingar hans í þeim efnum, verði honum ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Með vísan til framanritaðs er fullnægt skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um gæsluvarðhald. Ber samkvæmt því að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi eins og hún er sett fram og nánar greinir í úrskurðarorði. Ekki þykja efni til að ákveða styttri tíma með vísan til þess, sem fyrir liggur um rannsóknina og hér að framan greinir.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kio Alexander Ayobambele Briggs, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 14. september 1998 kl. 16.00.
